



Reykjanesbæ 7. desember 2021

Fræðsluráð Reykjanesbæjar
b.t fræðslustjóra Helga Arnarsonar
Efni: Ósk um breytingu á skóladagatali Njarðvíkurskóla

Samkvæmt skóladagatali er jólahátíð Njarðvíkurskóla 20. desember. Þegar verið var að fara yfir skóladagatalið s.l. vor þá var það spurning hvort jólahátíð ætti að vera föstudaginn 17. desember eða mánudaginn 20. desember sem var ofan á.

Nú erum við í allt öðrum aðstæðum en við vorum þegar við vorum að fara yfir skóladagatalið s.l. vor. Töluvert er um smit í okkar nærumhverfi og þessi helgi á milli 17. desember og 20. desember skiptir svo miklu máli í þessu samhengi gefur okkur tíma ef upp kemur smit hér að þeir sem fara í sóttkví nái að ljúka því fyrir jólin ef síðasti skóladagur er hér 17. desember.

Í ljósi aðstæðna þá óska ég eftir samþykki fræðsluráðs á breytingu á skóladagatali Njarðvíkurskóla með því að færa jólahátíð frá mánudeginum 20. desember til föstudagsins 17. desember og verður komið jólafrí að henni lokinni. Þetta hefur þó í för með sér í vor að allt færist aftur um einn dag og skólaslit verða þriðjudaginn 7. júní eftir hvítasunnu í stað föstudags fyrir hvítasunnu og síðasti vinnudagur starfsfólks er föstudaginn 10. júní í stað fimmtudagsins 9. júní. Við höldum þó að það sé til mikils að vinna í þetta skiptið miðað við stöðuna í samfélaginu og okkar nærumhverfi. Búið er að fá samþykki starfsfólks fyrir þessari breytingu á skóladagatali sem og samþykki allra fulltrúa skólaráðs. Meðfylgjandi er skóladagatal Njarðvíkurskóla sem og skóladagatal með þeim breytingum sem óskað er eftir. Einnig samþykki fulltrúa í skólaráði.

Með von um jákvæð viðbrögð og svar við beiðninni sem fyrst.

Bestu kveðjur,

Ásgerður Þorgeirsdóttir
Ásgerður Þorgeirsdóttir,
Skólustjóri Njarðvíkurskóla

